



Framkvæmda- fréttir

6. tbl. /07



2+1 vegur á Hellisheiði.



Svanur G. Bjarnason
svæðisstjóri
Suðursvæðis
Vegagerðarinnar skrifar

Áætlaður kostnaður við gerð 2+2 vegar frá Reykjavík til Selfoss

Vegagerðin hefur svarað erindi bæjarstjóra þriggja sveitarfélaga á Árborgarsvæði, þar sem spurst er fyrir um áætlaðan kostnað við byggingu svokallaðs 2+2 vegar á leiðinni frá Reykjavík til Selfoss. Svarið, dagsett 24. janúar 2007, er efnislega svohljóðandi:

Hér er fjallað um breikkun Hringvegar frá gatnamótum Suðurlandsvegur / Vesturlandsvegur við Nesbraut og austur fyrir vegamót Biskupstungnabrautar (þar sem ný veglína að nýrri brú yfir Ölfusá greinist frá núverandi vegi). Miðað er við að vegurinn verði breikkaður í fjórar akreinar með breiðu þversniði (vegflokkur A1). Mjög misjafnlega mikið hefur verið unnið að hönnun og áætlunum á þessari leið en breikkun í 2+1 veg hefur verið skoðuð allmikið og sumir kaflar komnir í verkhönnun. Þá hefur einnig verið áætlaður kostnaður við mjórtra þversnið fjögurra akreina vegar á hluta leiðarinnar og þá gert ráð fyrir vegriði milli akstursstefna. Gefnar verða

upplýsingar um kostnað við mismunandi gerðir þar sem þær liggja fyrir.

Hér á eftir er leiðinni skipt í nokkra kafla og örstutt lýsing á hverjum kafla fyrir sig.

1. Nesbraut – Breiðholtsbraut.

Frumdrög liggja fyrir. Bætt við nýrri akbraut (tveimur akreinum) frá gatnamótum Nesbrautar og Hringvegar að Rauðavatni. Undirgöng fyrir Krókháls lengd.

1,5 km, 300 m.kr.

2. Rauðavatn – Hafravatsvegur (Hólmsá).

Frumdrög liggja fyrir. Bætt við nýrri akbraut (tveimur akreinum) frá Rauðavatni að Hólmsá. Unnt væri að nota núverandi hringtorg við Rauðavatn til bráðabirgða. Hringtorg við Norðlingatorg þyrfti að breikka ef nota ætti það til bráðabirgða. Mislæg gatnamót við Hafravatsveg. Ný tenging við Heiðmerkurveg, endurbættar tengingar bensínstöðvar í Norðlingaholti.

4,7 km breikkun og tengingar, 2.100 m.kr.

Gatnamót við Breiðholtsbraut, 560 m.kr.

Gatnamót við Norðlingaholt, 400 m.kr.

3. Hólmsá – Þorlákshafnarvegur við Hveragerði.

Kaflinn hefur verið forhannaður sem 2+1 vegur. Kaflar frá Lögbergsbrekku að Litlu Kaffistofu og kafla á Hellisheiði (skiptisvæði – Kambabrun) eru í verkhönnun. Einnig hefur verið gerð gróf kostnaðaráætlun fyrir fjögurra akreina veg,

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 6. tbl. 15. árg. nr. 460 5. mars 2007

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

annars vegar með 18,3 m heildarbreidd og vegriði í miðju og hins vegar A1 þversnið (sama og á Reykjanesbraut). Fyrir fjögurra akreina þversniðin er gert ráð fyrir mismögum gatnamótum.

30,1 km 2+1 vegur, 1.900 m.kr.
2+2 vegur með vegriði, 4.000 m.kr.
2+2 vegur A1 þversnið, 6.100 m.kr.

4. Hveragerði - Selfoss.

Skilgreining hefur verið gerð fyrir 2+1 veg á þessari leið. Þar eru skilgreind fjögur gatnamót auk gatnamóta Hringveggar og Þorlákshafnarveggar. Fimm steyptar brýr og ræsi eru á leiðinni.

Kostnaðaráætlun fyrir 2+2 veg byggist á grófu mati á verði miðað við lengd vegar, fjölda brúa og gatnamóta.

11 km 2+1 vegur, 1.500 m.kr.
2+2 vegur, 4.000 m.kr.

Samantekt.

Kostnaður við gerð fjögurra akreina vegar (A1 þversnið) milli Reykjavíkur og Selfoss.

Öll gatnamót mismög.

Kafla 1 (umferð 11.500 b/d), 300 m.kr.
Kafla 2 (umferð 8.800 b/d), 3.100 m.kr.
Kafla 3 (umferð 6.100 -7.800 b/d), 6.100 m.kr.
Kafla 4 (umferð 6.500 b/d), 4.000 m.kr.
Samtals, 13.500 m.kr.

Til samanburðar áætlaður kostnaður miðað við að kaflar 3 og 4 verði gerðir að 2+1 vegum í fyrsta áfanga.

Gatnamót við kafla 1 og 2 mismög en önnur verði stefnugreind/hringtorg.

Kafla 1 (umferð 11.500 b/d), 300 m.kr.
Kafla 2 (umferð 8.800 b/d), 3.100 m.kr.
Kafla 3 (umferð 6.100 -7.800 b/d), 1.900 m.kr.
Kafla 4 (umferð 6.500 b/d), 1.500 m.kr.
Samtals, 5.800 m.kr.

Þessar kostnaðartölur miðast við vísitölu vegagerðar 8.900. Umferðartölur eru frá 2005.

Ofanritaðar tölur eru allnokkru hærri en kom fram í svari við fyrirspurn samtaka sunnlenskra sveitarfélaga í júní 2005, þar sem kostnaður var áætlaður vera á bilinu 7.000-8.000 m.kr. Þá var reyndar einungis reiknað með tvöföldun frá hringtorgi við Rauðavatn eins og fyrirspurnin kvað á um.

Skýringin á þessum mun felst einkum í því að í dag liggja fyrir mun nákvæmari tölur um kostnað við tvöföldun Reykjanesbrautar (sem í báðum tilvikum eru notaðar til sam-anburðar), sem eru allnokkru hærri en reiknað var með í júní 2005, auk almennra verðhækkana og meiri vitneskju sem komið hefur fram í þeirri undirbúningsvinnu sem farið hefur fram sl. ár. Rétt er að ítreka að veruleg óvissa er í kostnaðaráætlun sem þessari fyrir framkvæmd eins og 2+2 alla þessa leið, þar sem lítið hefur verið unnið í undirbúningi fyrir slíka framkvæmd. •

Auglýsingar útboða

Sundagöng,

borun rannsóknarhola 07-044

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í að bora rannsóknarholur til rannsókna á jarðfræðilegum aðstæðum vegna Sundaganga í Reykjavík. Bora skal 11 holur með kjarnabor og 3 holur með loftbor. Borun fer að hluta til fram af pramma á sjó.

Helstu magntölur eru:

Kjarnaborun í berg 580 m
Loftborun með fóðringu í laust efni .. 105 m

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. júlí 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. mars 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 20. mars 2007 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

Nýr Tröllatunguvegur

Í síðasta tölublaði var auglýst útboð gerð nýs Tröllatunguvegar milli Stranda og Reykhólahrepps. Vegurinn er um 24,5 km langur og mun liggja frá Vestfjarðavegi (60) í Króksfirði í Reykhólahreppi, um Geiradal, Gautsdal og Arnkötuldal að Djúpvægi (61) í Steingrímsfirði í Hólmavíkurhreppi. Sjá kort í næstu opnu. Vegurinn byrjar í um 42 m hæð y.s. við Vestfjarðaveg og fer síðan hækkandi upp og inn Gautsdalinn. Hann fer hæst í um 368 m y.s. við Þröskulda en fer síðan lækkandi niður Arnkötuldal. Lægst fer hann í um 5 m y.s. á Djúpvægi, rétt sunnan við Hrófá.

Verkinu á að vera lokið 1. september 2009. Útlögn á neðra burðarlagi skal lokið 1. desember 2008 og skal frágangur vera þannig að hægt sé að heimila umferð eftir veginum þann vetur.

Það var Leið ehf. sem lét gera mat á umhverfisáhrifum fyrir þessa leið og kom matið út í skýrslu í maí 2005. Sjá vefsíðuna www.leid.is.

Leið ehf. var stofnað í Bolungarvík árið 2001. Félaginu er ætlað að beita sér fyrir framþróun í samgöngum á landi með því m.a. að annast fjármögnun og eftir atvikum gerð og rekstur vegar og annarra samgöngumannvirkja (einkafjármögnun). Jónas Guðmundsson, sýslumaður í Bolungarvík, er formaður stjórnar.

Í matsskýrslunni segir um tilganginn með gerð vegarins:

- 1) Að stytta vegalengd og aksturstíma milli norðanverðra Vestfjarða og höfuðborgarsvæðisins, en stytting verður um 40 km.
- 2) Að bæta samgöngur milli sveitarfélaganna á norðanverðum



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 26. febrúar 2007. Búið er að sprengja 976 m í Siglufirði og 740 m í Ólafsfirði.

Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2007-2008, austurhluti 07-043

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vinnslu steinefna á austurhluta Norðaustursvæðis, árin 2007-2008.

Helstu magntölur eru:

Efra burðarlag	14.000 m ³
Malarslitlag	30.000 m ³
Klæðingarefni	28.000 m ³

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. mars 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 20. mars 2007 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2007-2008, norðurhluti 07-021

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á norðurhluta Norðvestursvæðis, árin 2007 og 2008.

Helstu magntölur eru:

Einföld klæðing	
Árið 2007	500.000 m ²
Árið 2008	500.000 m ²

Verklok eru 1. september hvort ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. mars 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 20. mars 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Geiradalur og Breiðafjörður. Nýr Tröllatunguvegur mun liggja eftir norðanverðum dalnum.

Ströndum, einkum Hólmavíkurhrepps og Kaldrananeshrepps annars vegar og hins vegar Reykhólahrepps, Saurbæjarhrepps og Dalabyggðar. Með vegasambandi opnast ýmsir möguleikar á auknu samstarfi sveitarfélaganna og jafnvel að tvö þeirra sameinist, þ.e. Hólmavíkurhreppur og Reykhólahreppur og hugsanlega þau öll. Slík sameining hefur í för með sér nánari samvinnu og að jafnaði meiri hagsæld fyrir íbúa.

3) Loks leiðir lagning vegarins til aukins umferðaröryggis þar sem margir munu fremur aka þennan veg en veginn um Strandir milli Hólmavíkur og Brúar í Hrótafirði. Enda vegurinn þá leið víða lélegur og varasamur auk þess sem leiðin milli Hólmavíkur og norðanverðra Vestfjarðar annars vegar og hins vegar Suðvesturlands er mun lengri um Strandir. •



Samtals er búið að sprengja 1.716 m sem er 16,2% af heildarlengd.

Kortagrunnur © Hans H. Hansen
Pessi kortagrunnur er notaður
í Íslands-Atlas Eddu útgáfu





Niðurstöður útboða

Hvanneyrarvegur (511), hringtorg 07-007

Tilboð opnuð 20. febrúar 2007. Gerð hringtorgs á Hvanneyri, á mótum Hvanneyrarvegur, Túngötu og Skólabrautar.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	1.600 m ³
Burðarlag	2.500 m ³
Malbik	1.900 m ²
Kantsteinn	190 m
Hellulögn	240 m ²
Rafstrengir og ídráttarrör	220 m
Ljósastaurar	8 stk.

Verki skal að fullu lokið 15. september 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
6	Rafmagnsverkstæði Birgis ehf., Hafnarfirði	20.300.000	127,0	4.955
5	Klæðning ehf., Kópavogi	18.000.000	112,6	2.655
4	Baldur Björnsson, Múlakoti	17.707.025	110,7	2.362
3	Borgarverk ehf., Borgarnesi	16.415.000	102,7	1.070
2	Jörvi ehf., Borgarnesi	16.200.000	101,3	855
---	Áætlaður verktakakostnaður	15.990.000	100,0	645
1	Ólafur Jóhannesson Hóli	15.345.500	96,0	0

Seyðisfjarðarvegur (93)

um Miðhúsaá 06-072

Tilboð opnuð 27. febrúar 2007. Endurbuygging 0,6 km kafla Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá. Um er að ræða niðurrif núverandi brúar og byggingu 62 m langs stálpöturæsis í hennar stað.

Helstu magntölur eru:

Fylling	35.700 m ³
Fláafleygar	7.500 m ³
Neðra burðarlag	3.700 m ³
Efra burðarlag	1.000 m ³
Tvöföld klæðing	4.500 m ³
Stálpöturæsi	62 m

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
7	Jónsmenn ehf., Egilsstöðum	48.682.377	118,3	13.983
6	S.G. vélar ehf., Djúpavogi	46.764.967	113,7	12.066
5	Grafvélar ehf., Hellu	44.984.445	109,3	10.286
---	Áætlaður verktakakostnaður	41.145.600	100,0	6.447
4	P.S. Verktakar ehf., Egilsstöðum	38.870.557	94,5	4.172
3	B.J. vinnuvélar, Pórshöfn	37.998.500	92,4	3.300
2	Ístrukkur ehf., Kópaskeri	36.950.000	89,8	2.251
1	Myllan ehf., Egilsstöðum	34.698.910	84,3	0

Frá rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Vegagerðin veitir fjölda styrki til rannsóknaverkefna á hverju ári. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svo nefndu tilraunafé, sem er nú 1% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni fjögurra af þeim skýrslum sem komið hafa út og eru dagsettar árið 2006, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

Bikþeyta til klæðinga, 3. áfangaskýrsla

Í þessari skýrslu er greint frá verkefnum ársins 2005 sem lúta að verkefninu „Bikþeyta til klæðingar“. Verkefnið hófst í maí 2002 með lögn tilraunakafla. Fylgst hefur verið með þessum köflum og árið 2005 voru einnig lagðir nýir kaflar á tveimur stöðum við Hvalfjörð. Tilraunakaflar úr fyrri áföngum hafa reynst misjafnlega, en vel tókst til með tilraunir árið 2005 og kaflarnir litu vel út í ársbyrjun 2006. Þróun bikþeytu og bætt framleiðslutækni hefur skilað þeim árangri að nefndin sem vinnur að verkefninu telur það tímabært að hefja innleiðingu aðferðarinnar í almenn verk Vegagerðarinnar.

Nýtt umferðarlíkan Höfuðborgarsvæðisins

Nýtt spálíkan var gert árið 2001. Það þótti ekki nægilega nákvæmt og ekki gefa raunsanna mynd af umferðarlæði á höfuðborgarsvæðinu. Aðferðin var endurbætt, m.a. með því að líkanið styðst við ný gögn, s.s. gatnanet frá landsupplýsingakerfum Reykjavíkurborgar með þrefalt fleiri götum, endurbætta reitaskiptingu og ferðavenjukönnun frá árinu 2002. Í heild er nýja líkanið betra en það frá 2001, en gerðar eru tillögur til að gera spáfærni þess enn betri, annars vegar með s.k. „pivot“ leiðréttingum og hins vegar að endurskoða form á skipulagstölum, sem hefur verið það sama síðustu þrjá áratugina.

Berggerð og kornalögun sýna í steinefnabanka

BUSL - lokaskýrsla, BUSL-efnisgæðanefnd skýrsla E-25. Þetta er skýrsla sem fjallar um verkefni sem unnið var í svokölluðu BUSL samstarfi (BUSL = BURðarlög og SLitlög), sem var átaksverkefni í rannsóknavinnu Vegagerðarinnar fyrir nokkrum árum. Mældir eru ýmsir grunneiginleikar steinefna, sem hægt er með hjálp tölfræðilegra líkana að nota til að spá fyrir um ýmsa tæknieiginleika steinefnanna.

Hringvegur (1), varnargarður austan Múlakvíslar 07-002

Tilboð opnuð 20. febrúar 2007. Gerð 1.400 m langs varnargarðs austan Múlakvíslar á Mýrdalssandi. Grjót í grjótvörn skal taka af lager í námu, grjótið skal flokka og smækka þarf hluta þess.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar í varnargarða 33.300 m³

Grjótvörn 11.500 m³

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
12	B.J. vinnuvélar ehf., Pórshöfn	49.960.000	221,5	39.542
11	Ístrúkkur ehf., Kópaskeri	32.714.000	145,0	22.296
10	Eining ehf., Hvolsvelli	28.471.000	126,2	18.053
9	Birgir Jónsson, Klaustri	27.489.500	121,9	17.072
8	Vélgrafan, Selfossi	27.285.000	121,0	16.867
---	Áætlaður verktakakostnaður	22.558.000	100,0	12.140
7	Heflun ehf., Hellu	21.988.000	97,5	11.570
6	Nesey ehf., Selfossi	21.950.000	97,3	11.532
5	Þjótandi ehf., Hellu	21.410.500	94,9	10.993
4	Rósaberg ehf., Höfn	16.948.000	75,1	6.530
3	Hérðsverk ehf., Egilsstöðum	16.875.680	74,8	6.458
2	Grafvélar ehf., Hellu	16.808.650	74,5	6.391
1	Framrás ehf., Vík	10.418.000	46,2	0

Samanburður á húsmælingu með NaOH-aðferð og glæðitapsmælingu

Skýrslan fjallar um samanburð á mæliaðferðum til að meta magn lífrænna óhreininda í malarsýnum. Í fyrsta lagi svokölluð NaOH-aðferð (annars vegar hefðbundin aðferð og hins vegar skv. Evrópustaðli EN 1744-1) og í öðru lagi glæðitapsmæling. Mælingarnar voru ekki nægilega umfangsmiklar til að hægt væri að draga einhlítar ályktanir af niðurstöðunum. Þó bendir marga til að ekki þurfi mikið af lífrænum óhreinindum í malarefni til að efni falli á NaOH prófi skv. Evrópustaðli EN 1744-1. •

Páll Sigurður Björnsson sendi þess mynd af vegagerð á Heggstaðanesvegi (702) í Húnaþingi vestra sl. haust. Guðmundur Vilhelmsson á Hvammstanga var með þetta verk og var Páll í vinnu hjá honum. Á myndinni eru Miðfjörður og Hvammstangi í baksýn.



Biskupstungnabraut (35), brú á Brúará 07-003

Tilboð opnuð 27. febrúar 2007. Bygging brúar á Brúará hjá Spóastöðum. Brúin er 45 m löng, 8,5 m breið, samverkandi stálbitabrá í tveim höfum. Langbitar brúarinnar eru tveir soðnir trapisulaga lokaðir kassar.

Helstu magntölur eru :

Grjótvörn 400 m³

Vegrið á brú 88 m

Gröftur fyrir sökklum 450 m³

Bergboltar 79 stk

Mótafletir 825 m²

Steypustyrktarjárn 26,7 tonn

Steypa 288 m³

Forsteyptar plötur 39 stk.

Smíði og uppsetning stálbita 39,8 tonn

Stálvirki, málun. 256 m²

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. október 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
3	Spöng ehf., Garðabæ	114.447.000	170,8	42.916
2	J.Á. verktakar ehf., Selfossi	92.259.234	137,7	20.728
1	Mikael ehf., Hornafirði	71.530.800	106,8	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	67.000.000	100,0	-4.531

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1) um Blönduhlíð í Skagafirði, varnargarðar 07-036

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í að gera 8 nýja varnargarða og lagfæra einn varnargarð, samtals 1.100 m, við Hringveg (1) þar sem hann liggur meðfram Héraðsvötnum í Skagafirði. Grjót í grjótvörn skal taka af flokkuðum grjótlager.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar í varnargarða 16.500 m³

Grjótvörn 3.300 m³

Verki skal að fullu lokið 1. júní 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 5. mars 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. mars 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeilda. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-049 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Öxnadalshéiði	07
07-050 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suður-Pingeyjarsýsla	07
07-051 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norður-Pingeyjarsýsla	07
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	07
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	07
07-054 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Firðir	07
07-055 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hornafjörður	07
07-049 Festun og yfirlögn, Norðaustursvæði 2007-2008	07
07-046 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, austurhluti, klæðing	07
07-047 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, norðurhluti, klæðing	07
07-001 Akranesvegur (509) um Þjóðbraut	07
07-045 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2007, norðurhluti	07
07-056 Hringvegur, hringtorg við Pingvallaveg	07
07-042 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, malbik	07
07-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2007-2008	07
07-041 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, repave	07
07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrekka - Fossvellir, breikkun vegar	07
07-022 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2007	07
07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skipholt - Foss	07
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07
07-031 Þórsmerkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07
07-028 Meðallandsvegur (204), Grenlækur - Fossar	07
07-034 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007, klæðing	07
07-033 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007, malbik	07
07-032 Snjómokstur í Vestur-Skaftafellssýslu, austurhluti	07
07-029 Snjómokstur í Vestur-Skaftafellssýslu, vesturhluti	07
07-027 Hringvegur (1) um Selfoss breikkun hringtorgs	07
07-025 Efnisvinnsla Suðursvæði 2007	07
07-024 Gaulverjabæjarvegur (33), Félagslundur - Skipar	07

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
07-023 Hringvegur (1) um Hellu	07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Pvottárskriður	07
07-016 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	07
07-015 Norðausturvegur (85), Presthólar - Kópasker	07
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalssvegur	07
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	07
07-006 Djúpvegur (61), Eyri - Svansvík	07
07-013 Vetrarþjónusta, Borgarnes - Hvalfjarðargöng 2007-2010	07
07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hrauná	07
06-073 Drangnesvegur (645), Strandavegur - Drangnes	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	07
06-026 Skagafjarðarvegur (752), Steinsstaðir - Svartá	07
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
07-036 Hringvegur (1) um Blönduhlíð í Skagafirði, varnargarðar	05.03.07 20.03.07
07-021 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2007-2008, norðurhluti	05.03.07 20.03.07
07-043 Efnisvinnsla Norðaustursvæði, 2007, austurhluti	05.03.07 20.03.07
07-044 Sundagöng, borun rannsóknarhola	05.03.07 20.03.07
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur	19.02.07 20.03.07
07-020 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2007 og 2008, vesturhluti	19.02.07 06.03.07
07-014 Hringvegur (1) ofan Þakeyrar í Hamarsfirði	19.02.07 06.03.07
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
06-072 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	12.02.07 27.02.07
07-007 Hvanneyrarvegur (511), hringtorg	05.02.07 20.02.07
07-002 Hringvegur (1), varnargarðar austan Múlakvíslar	05.02.07 20.02.07
07-003 Biskupstungnabraut (35), brú á Brúará	29.01.07 27.02.07
06-005 Hringvegur (1), Haugaá - Vatnsdalsá	29.01.07 13.02.07
Samningum lokið	Opnað: Samið:
Engir samningar hafa verið undirritaðir frá útkomu 4. tölublaðs	